

# Fuglamerkingar á Íslandi 1994

## Merkingar

Árið 1994 var 63. ár fuglamerkinga á vegum Náttúrufræðistofnunar Íslands. Alls bárust skýrslur frá 35 merkingamönnum, sem er talsvert minna en undanfarin ár. Þrátt fyrir það var fjöldi merktra fugla svipaður og árið á undan og yfir meðaltali undanfarins áratugs. Alls voru merktir 13.376 einstaklingar af 61 tegund. Þeir skiptust þannig milli aldurs hópa að 5442 (41%) voru fullvaxnir og 7934 (59%) voru ungar. Í árslok 1994 var heildarfjöldi merktra fugla frá upphafi nærri 380.000 einstaklingar, af 112 tegundum. Engin ný tegund bættist við þetta árið, en nokkrar sjaldgæfar tegundir voru merktar, s.s. turnfálki, keldusvín, eyrugla, glóbrystingur, gráþröstur, fjalla-finka og fimm hettusöngvarar.

Lundar tróna að nýju í fyrsta sæti sem mest merkta tegund ársins (1908 fuglar), snjótittlingur féll niður í annað sæti (1587), skógarþröstur hélt því þriðja (1378), ritan fylgdi fast á eftir í því fjórða (1370) en álkan var fimmta tegundin í röðinni (923). Sé litið á heildarfjölda merktra fugla frá upphafi þá skipa sömu tegundir þrjú efstu sætin, lundi (um 62.100 merktir), snjótittlingur (38.900) og skógarþröstur (29.200). Tvær næstu tegundir eru kría (24.300) og fyll (23.700).

Starfsmenn Náttúrufræðistofnunar merktu samtals 4848 fugla á árinu, en áhugamenn merktu rúmlega 8500 (64%). Virkastir merkingamanna á árinu voru Sverrir Thorstensen (1804), Óskar J. Sigurðsson (1249), Sigurður Ingvarsson (974), Hálfaldn Björnsson (713) og Þorlákur Sigurbjörnsson (641).

## Endurheimtur

Alls bárust Náttúrufræðistofnun um 850 tilkynningar á árinu um endurfundi fugla sem merktir höfðu verið á Íslandi. Þar af voru 65 endurheimtur erlendis. Þessu til viðbótar var tilkynnt um 110 fugla með erlend merki. Vaxandi hluti endurheimta eru álestrar á litmerki úti í náttúrunni.

Af langferðum má nefna þrjá fugla sem endurheimtust í Afríku á árinu. Mesti ferðalangurinn var kría sem merkt var í Flatey á Breiðafirði sem ófleygur ungi 28. júlí 1984 (nr. 739434). Hún endurheimtist á olíubor-palli út af ströndum Nígeríu í desember, 7230

km frá merkingastað. Sanderlu, sem merkt var í Sandgerði á Miðnesi sem fullorðin 24. maí 1990 (nr. 852733), var bjargað lifandi úr höndum barna sem höfðu veitt hana í grennd við Accra í Ghana í október, 6750 km frá merkingastað. Loks má nefna maríuerlu sem fannst dauð í húsi á Langanesi í júní 1994. Hún bar merki með áletruninni Paris 3804537 og reyndist hún hafa verið merkt í Djovdj þjóðgarðinum í Senegal 18. nóvember 1991, 5540 km frá endurheimtustað. Ekki má heldur láta hjá líða að nefna óvenjulega tegund sem flækst hafði af leið. Það var dvergsvanur sem merktur var sem ófleygur ungi við árósa Petjora á íshafsströnd Rússlands 4. september 1993. Hann fannst nýdauður eftir að hafa flogið á vír á Hvalnesi í Lóni, A-Skaft. í september 1994.

Nokkrir mjög gamlir fuglar endurheimtust á árinu. Tveir lundar voru endurveiddir á hreiðrum sínum í Stórhöfða, Vestmannaeyjum 29 og 30 árum eftir merkingu á sama stað. Þeir höfðu á sínum tíma báðir verið merktir sem fullorðnir fuglar og eru því enn eldri en merkingagögnin sýna. Skúmur sem merktur var við Kvísker í Örafum sumarið 1970 sem ófleygur ungi endaði daga sína á fiskilínu í Breiðamerkurdjúpi í ágúst 1994, þá 24 ára.

## SUMMARY

### The Icelandic Bird Ringing Scheme 1994

A short account on the 63rd year of the Icelandic Bird Ringing Scheme is given. Thirty-five ringers reported a total of 13,376 birds ringed in 1994 (5442 fullgrown and 7934 unfledged chicks) of 61 species. Puffin *Fratercula arctica* tops the list with 1908 individuals ringed, followed by Snow Bunting *Plectrophenax nivalis* (1587), Redwing *Turdus iliacus* (1378), Kittiwake *Rissa tridactyla* (1370) and Razorbill *Alca torda* (923). This brings the grand total of birds ringed in Iceland to nearly 380,000 since the Icelandic Ringing Scheme was initiated in 1932. About 850 recoveries of birds ringed in Iceland were reported to the Icelandic Institute of Natural History in 1994, whereof 65 birds were recovered abroad. Further 110 birds ringed abroad were recovered or sighted in Iceland.

Guðmundur A. Guðmundsson, Náttúrufræðistofnun Íslands, pósthólf 5320, 125 Reykjavík.